



# FUNDUR Í FRÆÐSLUNEFND BLÖNDUÓSBÆJAR

VEGNA LEIKSKÓLANS BARNABÆJAR

**Dagsetning:** 4. febrúar 2015. Haldin á Leikskólanum Barnabæ kl. 17:30.

---

## Dagskrá:

1. Önnur umræða um leikskólareglur og aðgengi.
2. Önnur mál

## Afgreiðslur:

Anna Kristín formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

### 1) Umræða um leikskólareglur

Fundarmenn ræddu endurskoðaðar reglur leikskólans í annað sinn og eru nú orðnir sáttir við vinnuna.

Anna Kristín bar endurskoðaðar reglur upp til atkvæðagreiðslu. Samþykkt samhljóða að senda þessar reglur til sveitastjórnar til frekari umfjöllunar og ákvarðanatöku.

### 2) Önnur mál

a. Anna Kristín las upp bréf sem nefndinni hafði borist varðandi Dag leikskólans sem er föstudaginn 6. febrúar.

Jóhanna leikskólastjóri sagði frá því að Degi leikskólans sé fagnað á Barnabæ með þeim hætti að nemendur leikskólans bjóði foreldrum sínum í morgunmat þennan dag.

b. Jóhanna leikskólastjóri sagði okkur frá breytingu á starfsmannahaldi leikskólans. Hún auglýsti stöðu í ræstingu og fékk 3 umsóknir. Umsækjendur voru: Margrét Jóhannsdóttir, Halina Alexandrowics og Eygló Bylgja Stefánsdóttir. Eftir atvinnuviðtöl var Halina ráðin og hefur hún störf mánud. 9. febrúar.



Blönduós bær

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30

Anna Kristín Davíðsdóttir

Kristín Jóna Sigurðardóttir

Helgi Haraldsson

Eva Hrund Pétursdóttir

Bergþór Pálsson

Jóhanna G. Jónasdóttir

Guðrún Björk Elísdóttir (fulltrúi foreldra)